

AÐFERÐIR TIL AÐ EFLA:

málskilning

ALLTAF:

- Nota einfaldar setningar (4-5 orða eða minni)
- Fylgja því sem barnið gerir
- Nota fleiri staðhæfingar en spurningar

1 LEGGJA INN MÁL

Notaðu óyrtar samskiptabendingar barnsins þíns til að vera málþyrirmynnd þess í samhengi við aðstæður hverju sinni og talaðu fyrir barnið, t.d. barnið grípur í hendina þína og togar þig að útidyrahurðinni, þú segir: "opna hurðina, "fara út", "komdu mamma"

2 SJÁLFSTAL

Lýstu því sem þú gerir í daglegum rútinum og leik, t.d. "ég þvæ hendur", "ég skipti um bleyjuna þína", "ég raða kubbum"

3 HLIDARTAL

Lýstu því sem barnið þitt gerir í daglegum rútinum og leik, t.d. "þú þværð hendur", "þú færð nýja bleyju", "þú raðar kubbum"

4 STAÐHÆFINGAR

Fylgstu með athygli barnsins þíns og segðu staðhæfingar um það sem það sér, þetta krefst EKKI þess að þú beinir athygli barnins að neinu.
T.d. barnið horfir á flugvél, þú segir: "þetta er flugvél", "flugvélin flýgur"
T.d. barnið sér hund, þú segir: "ég sé hund", "hundurinn hleypur hratt"